



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu leikskólastjóra í Ægisborg

Starf leikskólastjóra í Ægisborg var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 14. mars 2020 í samræmi við 2. gr. í fylgiskjali 4, um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar í kjarasamningi LN og KÍ vegna FSL. Umsóknarfrestur var til og með 30. mars 2020. Ráðið verður í leikskólastjórastöðuna frá og með 1. júní 2020.

Í auglýsingu var meginhlutverki leikskólastjóra í Ægisborg lýst þannig:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Óskað var eftir að umsækjendur skiluðu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í leikskólanum með umsókninni.

Tveir sóttu um leikskólastjórastöðuna. Umsækjendur eru Adéla Stehlíková og Auður Ævarsdóttir.

Niðurstaða:

Þann 7. apríl 2020 gerði skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála sviðsstjóra grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymisins. Við mat á umsókn, ráðningarviðtali og umsögnum var niðurstaðan að Auður Ævarsdóttir væri hæfust til að gegna stöðu leikskólastjóra í Ægisborg.

Auður lauk prófi sem leikskólakennari frá Fósturskóla Íslands 1994 og 60 ECTS eininga viðbótarnámi til B.Ed. prófs í leikskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 2005. Hún lauk 60 ECTS einingum í menntunarfræði á sviði yngri barna frá Háskóla Íslands 2008 og meistaranámi í stjórnun menntastofnana með áherslu á matsfræði frá Háskóla Íslands 2015.

Auður hefur starfað sem deildarstjóri í 12 ár, sem verkefnastjóri í leikskóla í eitt ár og sem aðstoðarleikskólastjóri í 7 ár. Hún hefur starfað sem verkefnastjóri ytra mats í leikskólum á skrifstofu skóla- og frístundasviðs sl. fimm ár. Auður hefur góða reynslu sem stjórnandi í leikskóla og hefur sýnt mikið frumkvæði og faglegan metnað í störfum sínum. Hún hefur innleitt nýjungar í leikskólastarfi, m.a. markvisst innra mat á leikskólastarfi, og hæfni hennar og stjórnunarhæfileikar er staðfest af umsagnaraðilum.

Ákvörðun sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er að ráða Auði Ævarsdóttur leikskólastjóra við leikskólann Ægisborg frá 1. júní 2020.